

Norðurljós

Fréttabréf starfsmanna Norðuráls

4. tbl. 12. mars 2010

RITSTJÓRAR: Raket Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason

ÁBYRGÐ: Ágúst F.

Ritnefnd: Brian Daniel Marshall, Bjarni I. Björnsson, Elísabet Sveinsdóttir, Fjalur Ríkarðsson, Jón H. Sveinsson, Jóna Björk Sigurjónsdóttir, Jóhanna Árnadóttir, Þóra Jónsdóttir

Meðal efnis í þessu blaði...



Þrífnaður er öryggismál

Metur
áhættuna...



Fréttir úr
Helguvík



Reyklaus í
15 ár!



Gunnar Guðlaugsson:

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk,

Það sem af er árinu hafa orðið tvö slys sem hafa leitt til fjarveru eða tilfærslu í starfi. Sem betur fer var hvorugt þessara slysa alvarlegt. Þetta minnir okkur á að við þurfum stöðugt að vera á varðbergi. Þessa dagana er verið að ráða inn sumarfléysingafólk. Mest er þetta ungt fólk sem er í skóla og vill nota sumarfríð til að vinna sér inn pening. Við þurfum að tryggja að unga fólk læri að beita stöðluðum öruggum vinnubrögðum þannig að þau geti verið örugg hér hjá okkur. Öryggisvísitalan er birt á skjánum og uppfærð vikulega. Hún sýnir hvert vástigið er á hverjum tíma. Þeir þættir sem er mældir í vísitölunni eru þættir sem tengjast öryggishegðun svo sem frávik gagnvart persónuhlífum, næstum því slys, tjón o.s.frv. Ég vil taka það skýrt fram að öryggisvísitalan er ekki tengd bónus á nokkurn hátt. Þetta á að vera hjálpartæki fyrir okkur til að við höfum tækifæri til að bregast við áður en slys hefur átt sér stað.

Viðræður um nýjan kjarsamning eru í gangi og var þeim nýverið vísað til Ríkissáttasemjara. Enn ber talsvert á milli en unnið er í minni hópum þessa daganna til að reyna að fækka þeim atriðum sem útaf standa. Ef horft er til þess sem er að gerast á íslenskum vinnumarkaði í dag er óraunhæft að gera væntingar um miklar launabreytingar. Í almennum kjarsamningum hefur 2,5% launahækkun verið frestað til 1. júlí þannig að meðaltalshækkun fyrir árið er 1,25%. Í mörgum fyrirtækjum er staðan þannig að fólk hefur tekið á sig verulega kjaraskerðingu vegna styttri vinnutíma eða hreinlega með launalækkunum. Enn erum við að fá fréttir af uppsögnum og að fyrirtæki séu að fara í þrot. Staðan hér hjá okkur er sem betur fer ekki svona slæm. Við erum með þó nokkur fjárfestingaverkefni í gangi og önnur eru að fara af stað. Má þar nefna verkefni eins og stækkun á baðhúsi og stækkun á vélaverkstæði. Bæði þessi verkefni skapa þó nokkra atvinnu meðan þau eru í gangi og koma til með að bæta aðstöðu

starfsfólks þegar þeim verður lokið.

Jákvæð þróun er að eiga sér stað á ýmsum þáttum í rekstri Norðuráls. Fjöldi slysa og óhappa hefur minnkað, áreiðanleiki búnaðar hefur aukist með innleiðingu á áreiðanleikaviðhaldi t.d. á kransvæði. Unnið er að útskiptingu á fyrstu kynslóð kera í línu 2 og gengur það samkvæmt áætlun. Þetta eru einungis fá dæmi um hluti sem ganga vel. Lykillinn er að þegar allir leggjast á eitt þá náum við árangri.

Kosningar hjá Starfsmannafélaginu

Kosningar í stjórn Starfsmannafélags Norðuráls eru nú í gangi og hægt er að kjósa til 15. mars.. Kjörkassi er staðsettur hjá öryggisfulltrúum Norðuráls. Eftirtaldir bjóða sig fram:

Ása Mýrdal Gunnarsdóttir, c-vakt, kerskála, Brian D. Marshall, fræðslustjóri, Jakob Sigurðsson, lager, Pétur Svanbergsson, öryggisfulltrúi, Tómas H. Richardsson, c-vakt í kerskála og Valdimar Magnússon, steypuskála.

Kjósa verður fimm aðila og mynda þeir efstu, nýja stjórn félagsins.



Hreinlæti er forsenda öryggis

Vissir þú að það er bein samsvörun milli hreins og snyrtilegs vinnustaðar og öryggis og árangurs? Þetta er staðreynd sem hvetur okkur öll til að halda vinnustöðinni okkar hreinni og snyrtilegri og segir okkur það líka að hreinsun og frágangur á að vera fastur liður daglega.

Það er mikilvægt fyrir okkur starfsmenn að muna það að gott húshald, hreinlæti og snyrtimennska á vinnustað hefur ýmislegt gott í för með sér:

- Minni slyshætta og eldhætta.
- Viðheldur betra og öruggara vinnuumhverfi.
- Sparar tíma, fé, efni, rými og erfiði.
- Eykur framleiðni og gæði.
- Bætir lund starfsmanna.
- Sýnir að hér starfar fólk sem er annst um orðspor sitt og vinnustaðarins.

Lélegt húshald aftur á móti býður beinlínis hættunni heim og sem dæmi um vágesti má nefna:

- Hál og blaut gólf sem valda fallhættu.
- Aðskotahlutir á gólfum sem valda slyshættu.
- Hlutir sem geymdir eru í óreiðu á gólfum í stað rekka.
- Ójöfn gólf og opnar gryfjur sem auka slyshættu.
- Hlutir sem standa fram úr hillum og valda árekstrarhættu og slyshættu.
- Eldhætta vegna olíublautra klúta og eldfims drasls.
- Spilliefnahætta vegna skorts á réttum umbúðum og geymslustöðum.
- Skortur á flóttaleiðum eða lokaðar flóttaleiðir.
- Og svo framvegis!



Mörg fyrirtæki í Japan hafa tekið upp svokallaða **5 S aðferð** til halda við hreinlætinu. Þessi aðferð byggir á 5 kenningarum sem öll byrja á bókstafnum **S** og af því er nafnið dregið.

Seiri eða flokkun. Hér er átt við að öll tæki, tól og efni á vinnustaðnum eru tekin og skoðuð. Einungis þeir hlutir sem eiga við verkefni staðarins eru notaðir, öllu öðru er komið í geymslu eða fleygt. Þetta léttir á plássþörf og minnkar slyshættu og bætir vinnuaðstöðu.

Seiton eða skipulag. Hér er átt við að nauðsynlegt er að hafa vinnustaðinn vel skipulagðan. Verkfæri, tæki og efni eiga öll að vera vel aðgengileg, hvert á sínum stað. Réttur staður fyrir hvern hlut og hver hlutur á réttum stað.

Seiso eða hreinsun. Hér er átt við að nauðsynlegt er að halda vinnustaðnum hreinum og snyrtilegum. Hreinsun er daglegt verkefni. Í lok dags eða vaktar er vinnustaðurinn hreinsaður og allir hlutir settir aftur á sinn stað.

Seiketsu eða samhæfing. Hér er átt við eftirlit og samræmi. Sömu reglur og viðmið um húshald gilda í öllu fyrirtækinu. Starfsmenn vita allir hvert þeirra hlutverk er og húshald verður hluti að daglegum störfum.

Shitsike eða eftirfylgni. Hér er átt við það að viðhalda gæðum húshalds alla daga, ár eftir ár og þannig stuðla að öruggum og mannvænum vinnustað til frambúðar.

5S er það sem þið sjáið orðið víða um verksmiðjuna s.s. merkingar fyrir áhaldarekka í kerskálum, verkfærarekka í steypuskálanum, merkingar fyrir stæði farartækjanna í verksmiðjunni o.fl. o.fl.

Þessi vinna er rétt hafin. Það sem við munum sjá meira af í framtíðinni eru 5S merkingar þar sem hver og einn hlutur í verksmiðjunni mun eiga sitt eigið „heimilisfang“.

7				4	5
4	8			7	1
	1		9	7	3
4			5		9
8		6		9	
7	2			8	
5		6	8	4	
	9	4			5
2	8				6

6			8			3
3	9	7			6	1
	4		9		3	
8				9	5	4
		3				6
4	6	1	3			2
			2	4		6
		9	3		7	4
5				9		8

3	4			9	6	8
	2	4	8			5
5	9				4	
	1		9			6
		8		6	3	
7			2			8
		3			7	1
8			7	6	5	
6	7	9			8	3

Atvikaskráning frá Helguvík

Á neðangreindum myndum má sjá yfirlit yfir atvikaskráningu úr Helguvík árin 2008-2009. Í töflunni er t.d. atvikaskráning fyrir árið 2008 og 2009. Fyrsti dálkurinn fyrir hvort árið sýnir atvik og 0 segir okkur að ekkert atvik hafi komið upp þann mánuð, annar dálkur fjölda klukkustunda og þriðji dálkurinn sjálft skorið.



Skráningarskyld atvik/Recordable incidents 2008=2, 2009=1

Slys, óhöpp og atvik: Aðhlyning, Léttavinnuslys, Fyrsta Hjálp, Eignatjón, Næstum því slys.
Accidents and incidents: Medical Treatment, Light Duty, First Aid, Property Damage, Near Miss.

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2008	0	0	0	0	0	1	1+1+1	1+1	2+2	1+2+3	2+1	1
Klst-Hrs	7226	7684	7442	11607	13057	17190	22402	33052	44734	61403	34093	12017
Skor/TCIR	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,31	1,67	1,22	1,77	1,54	1,47
2009	1	1	0	1+1	1	0	2	1	0	0	0	1
Klst-Hrs	10789	10776	12877	10877	12326	12396	10670	11614	15412	12357	10524	7680
Skor/TCIR	1,41	1,36	1,31	1,89	1,82	1,75	1,70	1,65	1,58	1,53	1,49	1,46
Alls-Total	1	1	0	2	1	1	5	3	4	6	3	2


Skor/TCIR: Aðhl./Léttav., Med./LD x 200000/Unnar klst/Workhrs.

Atvik - Incidents




Skoðun vinnuferla á svæði/Job Task Observations on site 2009

SKOÐANIR - OBSERVATIONS - 2009



Aðfinnslur/Úrbætur - Violations/Improvements



Loksins var Anna tilbúin...

Við tókum Önnu Þórðardóttur tali nýlega og spurðum hana spjörunum úr varðandi reykingar og hvernig hún fór að því að hætta.

Hvenær hættir þú að reykja og hvernig?

“Ég hætti fyrir 15 árum síðan. Ég ákvað eiginlega nákvæman dag með tveggja mánaða fyrirvara og hætti um verslunarmannahelgi. Fyrstu þrjá dagana var ég ekki í mínu venjulega umhverfi, mér fannst það hjálpa mér. Reykingar eru svo mikill vani og ég man að þegar ég kom heim varð löngunin sterkari en meðan ég var í burtu. Ég held að lykilatriðið sé að maður verður að vera tilbúinn... þú ert ekki alltaf klár í slaginn þó þig langi til að hætta”.



Ég var búin að reyna mörgum sinnum að hætta eins og flestir, en þarna var ég bara tilbúin í þetta.

Hvað með ráð (bjargráð), þegar löngunin í tóbakið var yfirþyrmandi?

“Ég fór að drekka sterkara kaffi, það reyndist mér huggun harmi gegn. Síðan keypti ég fimm plástra, notaði þrjá en hinir tveir runnu út uppi í skáp. Annars hef ég ekki tekið einn einasta smök í 15 ár, eða frá því að ég hætti. Ef ég gerði það félli ég strax það er ég viss um. Það fylgir því mikið frelsi að vera reyklus svo ekki sé talað um kostnaðinn sem fylgir þessari fíkn”.

Hvaða ráð viltu gefa þeim sem eru að hugsa um að hætta tóbaksnotkun?

“Fólk þarf að gera sér grein fyrir að það er fyrst og fremst að hætta fyrir sjálft sig en ekki fyrir aðra. Gagnlegt getur verið að fá sér bæklunga og lesa og stilla sig inn á breytinguna. Mjög mikilvægt er að taka einn dag fyrir í einu”, segir Anna reykluslausa brosandí.

Tvær staðreyndir:

Að hætta að reykja eða neyta tóbaks getur verið slæmt en ástandið batnar og BATNAR OG BATNAR...

Að halda áfram að reykja eða neyta tóbaks er slæmt og ástandið versnar og VERSNAR OG VERSNAR...

Hver er maðurinn?

Hann heitir Birgir Viðarsson og hóf störf á Öryggisviði í desember s.l. Birgir stundaði nám í Lundi, Svíþjóð og lauk meistaraþrófi í verkfræði n.t.t. með áherslu á öryggis- og áhættustýringu. Hann kom heim rétt fyrir hrun árið 2008 og réði sig til Landsbankans þar sem hann gerði verkefni fyrir áhættustýringu, en sú deild var lögð niður stuttu eftir að Birgir hóf störf. Hann skellti sér þá í Háskóla Íslands og tók hálf t. ári í fjármálhagfræði sem hann hyggst klára með tímanum. “Ég hlakka til að takast á við verkefnið hérna hjá Norðuráli. Þetta er nokkuð ólíkt því sem ég hef gert áður en engu að síður spennandi. Við Pétur “herbergisfélagi minn” erum að undirbúa verkefni sem felur í sér að meta áhættuna sem fylgir hverju starfi, þ.e. að finna, meta og eyða áhættum. Okkar markmið er að draga úr áhættunni eftir fremsta megni, koma í veg fyrir slys og draga úr slysatíðni svona í stuttu máli. Auk þessa erum við að undirbúa ákveðna rýmingaráætlun fyrir hvert svæði sem þýðir í raun að við útlistum flóttaleiðir fyrir allar byggingarnar þannig að allt starfsfólk sé með á tæru hvernig það á að snúa sér ef eitthvað kemur upp á og rýma þarf svæðið”. En hvernig líst Birgi á starfið? “Vel, það er ekki leiðinlegt að vinna mér Pétri og svo er ákveðinn Skaga-



Birgir býr í 101 með kærustunni og ungum syni. Hann spilar fótbolta með utandeildarliðinu Mjóðminni, en nafnið er tilvísun í ástand liðsmanna :-)

kúltúr hérna sem ég kann vel að meta”, segir þessi viðkunnanlegi maður að lokum.